

## **Borholur í Hólmavíkurbhreppi (4904) og Hrófbergshreppi (4903) á Ströndum**



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/018

Júní 2011

## Inngangur

Í þessari greinargerð er farið yfir allar þekktar borholur í Hólmavíkurbreppi (13) og Hrófbergshreppi (6) á Ströndum. Hólmavíkurbreppur og Hrófbergshreppur urðu til þegar Staðarhreppi hinum forna var skipt í tvennt. Hverri borholu fylgir stutt lýsing og ljósmynd. Staðsetningar ásamt öðrum upplýsingum eru í 1. töflu og aftast eru einföld kort yfir holurnar (myndir 24 til 27).

1. tafla. Staðsetningar og aðrar upplýsingar um borholur í Hrófbergs- og Hólmavíkurbreppum hinum fornu á Ströndum.

Staðarnúmer	Holunúmer	Lögbýli	Dýpi í m	Ár	N-hnit	V-hnit
41241	ST-01	Stakkanes	50-70		65° 46.202	21° 46.811
40781	YÓ-01	Ós	42	1997	65° 44.625	21° 41.794
40782	YÓ-02	Ós	42	1997	65° 45.133	21° 43.460
40783	YÓ-03	Ós	42	1998	65° 44.837	21° 41.912
40784	YÓ-04	Ós	51	1999	65° 44.090	21° 40.915
40785	YÓ-05	Ós	51	1999	65° 43.859	21° 42.267
41231	GB-01	Kálfanes	50-70		65° 42.285	21° 42.231
41232	GB-02	Kálfanes	160	2008	65° 42.284	21° 42.229
41201	HR-01	Kálfanes	15,2	1967	65° 42.041	21° 42.111
41202	HR-02	Kálfanes	42	1997	65° 43.354	21° 41.295
41203	HR-03	Kálfanes	42	1997	65° 42.632	21° 39.801
41204	HR-04	Kálfanes	42	1998	65° 42.636	21° 42.519
41205	HR-05	Kálfanes	42	1998	65° 42.100	21° 41.241
41206	HR-06	Kálfanes	51	1999	65° 43.292	21° 40.128
41207	HR-07	Kálfanes	146	2008	65° 42.066	21° 42.128
41211	SV-01	Skeljavík	102	1976	65° 41.351	21° 41.063
41216	BS-01	Skeljavík	84	2011	65° 40.902	21° 42.195
41221	ÞV-01	Skeljavík	51	1999	65° 40.777	21° 42.429

40771	HB-01	Víðidalsá	42	1997	65° 40.085	21° 40.648
-------	-------	-----------	----	------	------------	------------

### *Hófbergshreppur*

#### **ST-01 - Stakkanes**

Borhola þessi var hvergi á skrá og um hana er lítið vitað. Hún var boruð með skotholubor og dýpið var á bilinu 50-70 metrar. Holan mun hafa lent undir nýlegum byggingum. (1. mynd)



*1. mynd. Borhola ST-01 mun hafa lent undir útihúsabyggingum á Stakkanesi.*




## YÓ-01 - ÓS

Holan er nokkra metra austan við stórt misgengi sem er með sig í austur. Holan er við Bjarnavík og um 525 metra austur af afleggjara að gömlu túni. Hún er í skriðu við fjöruna og er komin að því að hverfa. Hola þessi er í landi Ytra-Óss. Ástand hennar er þó furðu gott miðað við aðstæður. (2. og 3. mynd)



2. mynd. Borhola YÓ-01 á Ósi.



3. mynd. Borhola YÓ-01 á Ósi. Misgengið er í klaufinni til hægri.




## YÓ-02 - ÓS

Borhola YÓ-02 er undir stöku klettanefi neðan við gamla veginn niður Bröttubrekku. Staðurinn er ofan núverandi þjóðvegur og um 250 metra austan við Grjótá. Borholan er í óskiptu landi Óss. Erfitt er að sjá holuna og hún er að fara á kaf í gróður. Ástand hennar er annars gott. (4. og 5. mynd)



4. mynd. Borhola YÓ-02 á Ytra-Ósi.



5. mynd. Borhola YÓ-02 á Ósi. Gamli vegurinn um Bröttubrekku í baksýn.



## YÓ-03 - Ós

Borhola YÓ-03 er niður á ströndinni um 400 metra norðan við holu YÓ-01 og skammt frá sjó, innan netagirðingar og fyrrum æðarvarps. Hóla þessi er í landi Ytra-Óss. Holan er farin að skeljast af ryði en annars í góðu ásigkomulagi. (6. mynd)



6. mynd. Borhola YÓ-03 á Ósi.



## YÓ-04 - Ós

Borhola YÓ-04 er um 400 metra fyrir norðan Ósbæina og út með ströndinni. Holan er í landi Innra-Óss. Þar eru forn naust og holan er í elsta og stærsta naustinu. Holan er í góðu standi. (7. mynd)



*7. mynd. Borhola YÓ-04. Ósbæirnir í baksýn. Horft í suður.*

## YÓ-05 - Ós

Borhola YÓ-05 er skammt innan við fjárhúsin á Ósi og er þar í jaðri vegslóða við Ósána. Slóði er að holunni eftir grjóttgarði með Ósánni og er holan um 300 metra frá þjóðveginum. Holan er í óskiptu landi Óss. Ekið hefir verið á holuna og fóðurrör beygt. (8. og 9. mynd)



8. mynd. Borhola YÓ-05 á Ósi. Fjárhúsin á Ósi eru í baksýn.



9. mynd. Borhola YÓ-05 á Ósi.



## *Hólmavíkurbreppur*

### **GB-01 - Kálfanés**

Borhola GB-01 er boruð með skotholubor á vegum Guðmundar Björnssonar frá Stakkanesi. Holan er á lágum rana sem gengur til norðausturs og er sumarhús þar skammt frá. Þessi staður er um 250 metra vestur frá veginum sem liggur til norðurs vestan megin við flugvöllinn. Hún er að sögn 50-70 metra djúp. Holan er boruð í slétta klöpp og steinn settur yfir opið. Ekkert fóðurrör er í holunni. (10. mynd)



*10. mynd. Borhola GB-01 í Kálfanési.*

## GB-02 - Kálfanés

Borhola GB-02 var einnig boruð á vegum Guðmundar Björnssonar frá Stakkanesi. Hún er samkvæmt hitamælingu 154 m djúp. Holan er aðeins í um eins metra fjarlægð frá holu GB-01. Holan er opin en annars í góðu ásigkomulagi. (11. mynd)



*11. mynd. Borhola GB-02 í Kálfanési.*



## HR-01 - Kálfanes

Borhola HR-01 er um 320 metra vestan við Þjóðveginn og á mótis við syðri enda flugbrautarinnar. Hún er nærri hlíðinni og er steypur skúr yfir henni. Hún er nýtt sem neysluvatnshola fyrir Hólmavík. (12. mynd)



*12. mynd. Borhola HR-01 í Kálfanesi.*

## HR-02 - Kálfanes

Borhola HR-02 var boruð utan í klapparholt við þjóðveginn austan við Stakkamýri. Nú hafa holtin báðu megin við veginn verið sprengt niður og holan er horfin. (13. mynd)



*13. mynd. Borhola HR-02 var við þjóðveginn austan Stakkamýrar, á holti sem nú hefir verið sprengt niður. Stakkamýri er hægra megin á myndinni.*



## HR-03 - Kálfanes

Borhola HR-03 er við veginn norður af eyrinni á Hólmavík. Hún er skammt norður af gamla Kópnesbænum. Hún er í neðri vegarbrún og sést afskaplega illa. Hún er komin í gras. Ástand hennar er annars furðu gott en ljóst að hún mun hverfa fljótlega. (14. og 15. mynd)



14. mynd. Borhola HR-03 í Kálfanesi. Gamli Kópnesbærinn er í baksýn vinstra megin. Horft í suður.



15. mynd. Borhola HR-03 í Kálfanesi. Horft í norður.

## HR-04 - Kálfanes

Borhola HR-04 er á lækjarbakka um 170 m vestur frá Kálfanesbænum en norðan við Gvendarbrunn. Holan er í mjóu sundi undir hárrí skriðurunninni brekku sem er vestan megin á rananum sem Kálfanesbærinn stendur á. Vegarsneiðingur er niður brekkuna ofan við holuna. Mjög erfitt er að sjá holuna en annars er hún í góðu standi. (16. mynd.)



*16. mynd. Borhola HR-04 í Kálfanesi. Horft í suður.*



## HR-05 - Kálfnes

Borhola HR-05 er í klapparnefi syðst í Kálfnesborgum og niður undir aðalgötu Hólmavíkur gegnt kaupfélagsversluninni. Holan er vestan við félagsheimilið og sést vel. Holan er í góðu ásigkomulagi. (17. mynd).



*17. mynd. Borhola HR-05 í Kálfnesi. Horft í vestur.*

## HR-06 - Kálfanes

Borhola HR-06 er um 1,2 km norður með ströndinni norður frá eyrinni sem eldri hluti Hólmavíkur stendur á. Hún er upp á klettanefi sem nefnist Rostungsklettur. Vegslóði liggur alla leiðina og lengra til. Holan er í góðu standi. (18. mynd)



*18. mynd. Borhola HR-06 á Rostungskletti í Kálfanesi.*



## HR-07 - Kálfanes

Borhola HR-07 er um 50 metrum norðan við borholu HR-01. Hún er á sléttri grasgrund og lítur vel út. (19. mynd)



*19. mynd. Borhola HR-07 í Kálfanesi.*

## SV-01 - Skeljavík

Borhola SV-01 er sunnanvert í Skeljavík. Hún er austan í tanganum sem næstur er vestan við golfvöllinn. Hún er neðan vegslóða og skammt frá sjó. Holan virðist í góðu ásigkomulagi. (20. mynd)



*20. mynd. Borhola SV-01 í Skeljavík. Hólmavík í baksýn.*



## BS-01 - Skeljavík

Borhola BS-01 í Skeljavík er boruð við norðausturhornið á sumarbústað sem nefnist Brekkusel sem er um 350 metra norðaustan við Þverárvirkjun. Úr holunni er dælt neysluvatni fyrir sumarhúsið. (21. mynd)



*21. mynd. Borhola BS-01 við Brekkusel í Skeljavíkurlandi.*

## ÞV-01 - Skeljavík

Borhola ÞV-01 er á sléttu klapparholti skammt austan við Þverárvirkjun og sést hún vel að Holan er í góðu ásigkomulagi. (22. mynd)



22. mynd. Borhola ÞV-01 í Skeljavík. Stöðvarhús Þverárvirkjunar í baksýn.




### **HB-01 - Víðidalsá**

Borhola HB-01 er í landi Víðidalsár nærri landamerkjum við Hrófá. Hún stendur á klapparholti skammt austan við stórt flóasund sem liggur frá Hrófárbænum og alla leið að Víðidalsá. Holan er vestan við gamla þjóðveginn sem liggur frá Hnitbjörgum að Hrófá. Hún er um 900 metra norðvestan við Hrófárbæinn. Holan er í góðu standi. (23. mynd)



*23. mynd. Borhola HB-01 á Víðidalsá. Horft í vestur.*




24. mynd. Staðsetning borholu á Stakkanesi.




25. mynd. Staðsetning borholna á Ósi.





26. mynd. Staðsetning borholna í landi Kálfness.



27. mynd. Staðsetning borholna í Skeljavík og Víðidalssá.